



Djúpgámar

Leiðbeiningar fyrir húseigendur, byggingaraðila og hönnuði um kröfur Akureyrarbæjar til djúpgáma, fyrirkomulag og útbúnað þeirra.



Akureyri, nóvember 2023

2. útgáfa

1. Inngangur

Leiðbeiningarnar eru fyrir lóðarhafa, húseigendur, hönnuði eða aðra sem vilja koma fyrir djúpgámum fyrir úrgang á lóð sinni. Leiðbeiningarnar svara spurningum framkvæmdaaðila sem og ráðgjafa og verktaka frá hugmyndastigi þar til hægt er að byrja að nota djúpgáminn.

Djúpgámar leysa af hólmi sorptunnur eða sorpgáma. Djúpgámi er komið fyrir í steiptum ramma sem er grafinn niður. Efri hluti djúpgáms líkist hefðbundinni ruslatunnu sem komið er fyrir á götu eða gangstétt, en undir yfirborðinu er stórt rými sem tekur við úrganginum. Ekki má blanda saman mismunandi úrgangslausnum innan sömu lóðar, þ.e.a.s. djúpgámum og tunnum/gámum.

Djúpgámar eru snyrtilegri í umhverfinu og taka á móti meira magni úrgangs en hefðbundnar sorptunnur. Djúpgámar henta vel til að fegra umhverfið og með þeim má losna við fyrirferðarmikla sorpgáma eða tunnur ofanjarðar. Þeir henta því einkar vel í þetta íbúðabyggð þar sem pláss fyrir hefðbundnar sorpgeymslur er takmarkað.

Úrgangsmál eru hluti af lögbundinni grunnþjónustu sveitarfélaga og mikilvægur málaflökkur í rekstri þeirra. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgang nr. 55/2003 ber sveitarfélögum frá ársbyrjun 2023 að sérsafna við eða innan lóðar heimila almennum úrgangi, lífrænum úrgangi, pappír og plasti.

Byggingaraðilar, hönnuðir og húseigendur þeirra skulu fylgja kröfum sem settar eru fram í leiðbeiningum þessum og fylgja ákváðum deiliskipulags og leiðbeiningum þessum.

Við eldri fjölbýlishús þar sem til staðar er sorpgerði er heimilt með samþykkt Akureyrarbæjar að koma fyrir djúpgámum innan lóðar. **Allur kostnaður vegna slíkra framkvæmda fellur alfarið á eigendur fjölbýlishússins.**

2. Flokkun úrgangs


Um flokkun úrgangs gilda sömu reglur hvort sem notaðar eru hefðbundnar sorptunnur/ílát eða djúpgámar. Frekari upplýsingar um flokkun, tæmingu og fleira er snýr að úrgangsmálum má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/umhverfismal/sorphirda>

Í samþykkt Akureyrarbæjar um meðhöndlun úrgangs er að finna nánari reglur er gilda um sorphirðu hverju sinni.

3. Kröfulýsing/verklýsing

Innkaup og uppsetning djúpgáma er ávallt á ábyrgð og kostnað þess sem óskar eftir að koma þeim upp.

Akureyrarbær leyfir bæði djúpgáma sem eru að öllu leyti grafnir í jörðu sem og hálfniðurgrafna. Djúpgámar skulu uppfylla kröfur í stöðlum ÍST EN 13071 hluta 1-3. Einungis er leyfður upphíftingarbúnaður sem samanstendur af **tveimur lykkjum** gegnt hvor annarri (e. two loops parallel) skv. ÍST EN 13071-3. Fjarlægð milli lykkja skal vera 140 mm –sjá skýringarmynd að neðan.



Ramminn sem geymir djúpgáminn neðanjarðar skal vera útbúinn fallvörn svo sem loki sem lokast sjálfkrafa þegar djúpgámurinn er hífður úr rammanum við tæmingu. Fallvörnin má ekki vera neðar en 210 mm frá efri brún ramma.

Aðgengi að djúpgámunum skal vera óskert. Það þýðir að ekki má vera neitt, svo sem trjágróður, mannvirki, ljósastaurar eða annað sem gæti hindrað hífingu upp að 6 metrum. 1,5 metra til beggja hliða við gámasvæðið má ekki vera neitt sem gæti hindrað tæmingu, svo sem bílastæði, trjágróður, blómabeð, svalir eða þessháttar. Við val á staðsetningu skal taka mið af því að gámurinn er tæmdur af sérútbúnum sorpbíl, sem þýðir að aðgangsvegur skal vera minnst 3,6 m breiður og hafa burðargetu fyrir að minnsta kosti 26 tonna farartæki. Í göturými skal forðast að djúpgámar séu staðsettir minnst 15 m frá gatnamótum.

Leitast skal við að staðsetja gámana við hlið götu, hægra megin í akstursstefnu. Fjarlægð frá götubrún að hífingarkrökum á djúpgámi má ekki vera meiri en 4 m.

Ef djúpgámarnir eru staðsettir við botnlangagötu, skal vera nægt pláss til að sérútbúin sorpbíl geti snúið við og athafnað sig án vandræða eða þrengsla.

Staðsetning djúpgáma má ekki hindra aðgengi sjúkra- og slökkviliðs að íbúðum. Grenndargerði með djúpgámum (gámaklasi) má ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m, sbr. gr. 6.12.18 í byggingarreglugerð nr. 160/2010. Í tilfellum þar sem ekki er hægt að koma fyrir djúpgámum í minni fjarlægð en getið er um í byggingarreglugerð skal leita eftir samþykki umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar.

Lok á djúpgámum skal vera regnþétt og ekki skal staðsetja djúpgáma á lægsta punkti í landslaginu svo ekki sé hætt á að vatn flæði ofan í gáminn eða gámarammann.

Djúpgámar skulu ávallt vera a.m.k. fjórir saman, einn fyrir hvern flokk: Almennan úrgang, lífrænan úrgang, pappír og plast.

Djúpgámar skulu vera innan lóðarmarka lóðarhafa þar sem því verður við komið. Í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að koma djúpgámum fyrir innan lóðar þarf **alltaf** að leita til umhverfis- og mannvirkjasviðs og þjónustu- og skipulagssviðs Akureyrarbæjar og fá heimild frá Akureyrarbæ til að hafa djúpgáma utan lóðarmarka. **Slík útfærsla er aðeins heimilud í undantekningartilvikum**, svo sem þegar sýnt er fram á að ekki sé með nokkrum hætti hægt að koma djúpgámum fyrir innan viðkomandi lóðar. Þegar djúpgámar eru staðsettir utan lóða er innheimt þjónustugjald.

Djúpgámar sem eru **innan lóðarmarka** eru séreign lóðarhafa og bera þeir ábyrgð á rekstri, þrifum og viðhaldi gámanna sem eru einungis ætlaðir þeim sem búa innan lóðarmarka.

Heimilt er að hafa djúpgámar aðgangsstýrða, þ.e. opnanlegir með lykli eða korti.

Ekkert sem hindrað gæti aðgengi íbúa að djúpgámum má vera nær þeim en sem nemur 0,8 m. Aðgengi skal vera slétt og án hárra kantsteina eða hækkana sem gætu hindrað aðgengi fólks í hjólastólum. Huga þarf að hálkuvörn í kringum djúpgáma

Leitast skal við að lýsa upp svæðið sem og hafa snjóbræðslu þar sem djúpgámarnir eru til þægingdauka og aukins öryggis fyrir notendur og losunaraðila.

Samþykki Akureyrarbæjar um endanlegt fyrirkomulag, staðsetningu og aðkomu skal liggja fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir

4. Stærð, mál og magn úrgangs

Þegar ákveðið hefur verið að nýta djúpgáma er mikilvægt að stærð og fjöldi djúpgáma mæti þörfum íbúa þar sem ekki er hægt með góðu móti að fjölga djúpgámum eða stækka þá á seinni stigum.

Til upplýsinga má geta að stærð djúpgáma er yfirleitt sú sama á yfirborði en dýpt gámanna getur verið misjöfn. Fyrir blandaðan úrgang, plastefni og pappa/pappaefni er rúmmál djúpgáms yfirleitt 3 m³, 4 m³ eða 5m³, en fyrir lífrænan úrgang einungis 2-3 m³. Skal miða við að nýtingarhlutfall gámanna sé 90%.

Losun djúpgáma skal ekki vera örari en á 14 daga fresti að jafnaði og skal blandaður úrgangur og matarleifar ekki hirt sjaldnar en 28 daga fresti að jafnaði. Losun djúpgáma er ekki inn í sorphirðudagatali Akureyrarbæjar heldur eru gámar losaðir að beiðni íbúa og greiða þeir fyrir hverja losun samkvæmt gjaldskrá Akureyrarbæjar hverju sinni.

Úrgangsflokkur	Hirðutíðni úrgangs (vikur)	Miðað við 1 íbúð	Miðað við 25 íbúðir
Blandaður úrgangur	4	120 l	Einn 4 m ³ gámur
Matarleifar	4	120 l	Einn 3 m ³ gámur
Pappír/pappi	4	180 l	Einn 5 m ³ gámur
Plast	4	180 l	Einn 5 m ³ gámur

Í töflu hér að ofan má sjá leiðbeinandi magn úrgangs miðað við hirðutíðni frá 1. júní 2024 eða frá þeim tíma að nýtt úrgangshirðukerfi tekur gildi á Akureyri.

5. Leiðbeiningar varðandi rekstur og tæmingu

Eigandi djúpgáma utan lóðarmarka ber ábyrgð á viðhaldi þeirra, svo sem vegna skemmdra loka, hreinsun veggjakrots, skemmdarverka, ákeyrslu o.s.frv. Akureyrarbær tæmir og hreinsar gámana og gámaramma eftir þörfum.

Akureyrarbær notar Fenúr merkingar en á þeim kemur fram hvers konar úrgangur eigi að fara í hvern gám (almennur úrgangur, lífræn úrgangur, pappír og endurvinnanlegt plast). Lóðarhafi er ábyrgur fyrir því að merkingar séu ætíð til staðar á gámunum. Úrgangur sem komið er fyrir við hliðina á djúpgámum er ekki hirtur af Akureyrarbæ

6. Gátlisti

- Er gámar fyrir alla úrgangsflokka?
- Er staðsetning djúpgáma samþykkt með tilliti til brunakrafna og annað sem máli skiptir?
- Er staðsetning djúpgámanna innan lóðarmarka?
- Eru lagnir í jörð þar sem áætlað er að koma fyrir djúpgámum?
- Er vatnshalli frá djúpgámasvæði?
- Heftir staðsetning djúpgáma aðgangsvégi slökkviliðs eða flóttaleiðir?
- Er nægt pláss fyrir tæmingu bæði fyrir ofan djúpgáma og til hliðar við þá?
- Er nægt athafnasvæði fyrir losunarbíl og almenna umferð fram hjá losunarbíl við tæmingu?
- Er lýsing og snjóbræðsla á aðkomuleiðum

7. Endurskoðun

Leiðbeiningarit þetta var fyrst gefið út í maí 2023. Næsta endurskoðun er áætluð í desember 2025.